



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 26. apríl 2021
VEL2020110008

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Samþykkt velferðarráðs um breytingar á reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Á fundi velferðarráðs þann 21. apríl 2021 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi breytingar á reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, sem samþykktar voru í borgarráði 12. nóvember 2020 með síðari breytingum: Að umsóknarfrestur verði framlengdur til 31. júlí 2021, að ekkert lágmarkstímabil iðkunar verði tilgreint í reglunum þannig að leikjanámskeið, sumarnámskeið og sumarbúðir falli undir skilyrði styrksins og að keppnis- og mótsgjöld falli einnig undir styrkinn. Breytingar eru gerðar á 1. – 4. gr. og 10. gr. af þessu tilefni. Kostnaður er að fullu fjármagnaður með framlagi ríkisins.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Samþykkt.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Að þurfa að leggja út fyrir kostnaði til að fá styrkinn, getur verið stór hindrun fyrir margt tekjulágt fólk. Það eru ekki allir sem geta útvegað 45.000 krónur með auðveldum hætti og nauðsynlegt er fyrir ríkisstjórnina að taka það með í reikninginn. Þessi upphæð dugar skammt og þó það sé gaman að taka þátt í íþróttá- og tómstundastarfi í einhvern tíma, þá geta það verið mikil vonbrigði að þurfa að hætta því vegna skorts á fjármagni og væntingastjórnun er eitthvað sem fátæk börn þekkja vel og forðast því stundum þátttöku í slíku starfi og foreldrar vilja ef til vill ekki valda börnum vonbrigðum með því að skrá barn í íþróttir sem það getur síðan ekki greitt fyrir næstu mánuðina. Við þurfum að tryggja samfélag þar sem ekkert barn er í slíkri stöðu.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Sambærilega tillögu ætti að leggja fram í sambandi við frístundakortið. Hér er fjármagn frá ríkinu en þegar kemur að fjármagni frá borginni þá gilda stífar reglur, svo stífar að mörg börn geti ekki notið góðs af frístundastyrknum. Það heldur engum

rökum að ekki sé hægt að nota frístundakortið á leikjanámskeið, sumarnámskeið og sumarbúðir sem dæmi eins og hægt er að nota þennan styrk í. Frístundakortið átti einmitt að hafa þann tilgang að auka jöfnuð og styðja sérstaklega við börn á tekjulágum heimilum til að stunda íþróttir sem liður í forvörnum. Nýting á frístundakortinu mætti vera betri og ætti að vera nærri 100% ef allt væri eðlilegt en er aðeins tæplega 80% í þeim hverfum þar sem nýting er mest. Það er nánast þakkarvert að Reykjavíkurborg fékk ekki þetta fjármagn til að ráðstafa að eigin vild því þá hefði þetta farið í sama stífa reglupakkann og frístundakrotið, að námskeið þurfi að vera ákveðnar margar vikur til að hægt sé að nýta kortið og að í stað þess að hjálpa efnaminni foreldrum að greiða gjöld frístundaheimilis er þeim bent á að þeir geti notað frístundakortið til að greiða gjaldið og þar með er réttur barnsins til Kortsins til að velja sér íþrótt/tómstund farinn fyrir bí.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu reglnanna í B-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um breytingar á reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum lögð fram á fundi velferðarráðs þann 21. apríl 2021.

Reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Breytingar á reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum*

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi breytingar á reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, sem samþykktar voru í borgarráði 12. nóvember 2020 með síðari breytingum: Að umsóknarfrestur verði framlengdur til 31. júlí 2021, að ekkert lágmarkstímabil iðkunar verði tilgreint í reglunum þannig að leikjanámskeið, sumarnámskeið og sumarþúðir falli undir skilyrði styrksins og að keppnis- og mótsgjöld falli einnig undir styrkinn. Breytingar eru gerðar á 1. – 4. gr. og 10. gr. í samræmi við ofangreint. Kostnaður er að fullu fjármagnaður með framlagi ríkisins.

Greinargerð:

Í maí 2020 samþykktu stjórnvöld frumvarp til fjárukalaga sem m.a. fól í sér að verja 600 m.kr. í styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn gætu óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Sett var í hendur sveitarfélaga að útfæra umsókn um styrkinn á grundvelli leiðbeininga frá félagsmálaráðuneytinu. Reglur velferðarsviðs um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum voru samþykktar á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020. Umsóknarfrestur var upphaflega til 28. febrúar en var framlengdur til 15. apríl sl. skv. tilmælum stýrihópus um þátttöku barna á efnaminni heimilum í skipulögðu tómstundastarfi, sem skipaður er fulltrúum ÍSÍ, ÍF, UMFÍ, Sambands íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis (stýrihópur) og var reglum þessum breytt til samræmis, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 14. febrúar og borgarráðs 4. mars sl.

Þann 16. apríl sl. tilkynnti stýrihópurinn sveitarfélögunum að hann hefði tekið þá ákvörðun að framlengja umsóknarfrest fyrir íþrótt- og tómstundastyrki til 31. júlí 2021. Samhliða sendi félagsmálaráðuneytið frá sér uppfærðar leiðbeiningar um nýtingu styrksins. Í tilkynningu

stýrihópsins kom fram að nýting styrksins yfir vetrartímann hefði ekki verið í takt við vonir stýrihópsins. Aðstæður í Þjóðfélaginu gætu hafa spilað þar inn í þar sem heimsfaraldur COVID-19 geysaði og í kjölfar sóttvarnarreglna stjórnvalda var sett bann við íþrótt- og tómstundariðkun í tvígang á skólaárinu 2020-2021. Því hafi verið ákveðið að framlengja umsóknarfrestinn og vonir bundnar við að börn efnaminni heimila gætu fengið að njóta styttri námskeiða í sumar. Ráðuneytið lagði áherslu á að komið yrði til móts við eftirfarandi atriði í reglum sveitarfélaganna:

- Umsóknarfrestur verði framlengdur til 31. júlí 2021
- Ekkert lágmarkstímabil iðkunar (með það að markmiði að t.d. leikjanámskeið og sumarbúðir falli undir skilyrðið)
- Hægt verði að nýta styrkinn til að greiða keppnisgjald/mótsgjald

Félagsmálaráðuneytið greindi jafnframt frá því að það myndi útbúa auglýsingar í samræmi við ofangreint sem dreift yrði á samfélagsmiðlum.

Í dag hafa 1655 börn í Reykjavík í 1180 fjölskyldum fengið styrk fyrir íþrótt- og tómstundastarfi en 4774 börn eiga rétt til styrksins. Aðgerðahópur með verkefnisstjóra, sem settur var á fót í mars til að auglýsa betur styrkinn, er enn að störfum og mun starfa áfram til loka umsóknarfrests.

Fylgiskjöl:

1. Reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, samþykktar á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020, með rekjanlegum breytingum í takti við ofangreinda tillögu um breytingar á reglunum.
2. Leiðbeiningar félagsmálaráðuneytis, dags. 13. apríl 2021, fyrir sveitarfélög um sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum 2020-2021

Reglur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþróttá- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum

I. kafli Almennt

1. gr.

Markmið og grundvöllur

Markmið reglna þessara er að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómsundir, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Reglur þessar byggjast á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins sem gefnar voru út af félagsmálaráðuneytinu þann 10. september 2020, til að samræma úthlutun sérstakra íþróttá- og tómsundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum. Voru þær leiðbeiningar uppfærðar þann 13. apríl 2021.

II. kafli Umsókn og skilyrði

2. gr.

Styrkur vegna íþróttá- og tómsundastarfs

Miða skal við að íþróttá- og tómsundaiðkun fari fram á skólaárinu 2020-2021 eða sumarið 2021.

Styrkur vegna kostnaðar við íþróttá- og tómsundastarf á skólaárinu 2020-2021 eða sumarið 2021 getur numið allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Styrkir samkvæmt reglum þessum skulu veittir í samræmi við þau skilyrði sem gilda um Frístundakort Reykjavíkurborgar, sbr. reglur um Frístundakort sem samþykktar voru á fundi íþróttá- og tómsundaráðs Reykjavíkur þann 3. febrúar 2017. Þó eru frístundaheimili ~~og sumarnámskeið~~ undanskilin. Þá er heimilt að greiða keppnis- eða mótsgjald. Ekki er gerð krafa um lágmarkstímabil íþróttá- og tómsundastarfs.

Með beiðni umsækjanda er heimilt að taka umsóknir aftur til meðferðar sem synjað var á grundvelli þeirra skilyrða 2. gr. að námskeiðið uppfyllti ekki skilyrði um lágmarkstímabil iðkunar eða að um keppnis- og mótsgjöld hafi verið að ræða.

Einungis skal veita styrki samkvæmt reglum þessum vegna íþróttá- og tómstundastarfs hjá þeim samtökum sem eru viðurkenndir aðilar að Frístundakorti Reykjavíkurborgar, sbr. fyrrgreindar reglur.

3. gr.

Umsókn

Umsókn skal gerð með rafrænum hætti í gegn um Ísland.is og/eða á vef Reykjavíkurborgar. Staðfesta skal rafræna umsókn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli umsækjanda. Ekki er gerð krafa um undirritun þegar umsókn er gerð með rafrænum hætti.

Umsóknarfrestur er til ~~15. apríl~~ 31. júlí 2021.

4. gr.

Skilyrði

Til þess að eiga rétt á styrk vegna íþróttá- og tómstundastarfs samkvæmt reglum þessum þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- a. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Reykjavík.
- b. Barn umsækjanda skal fætt á árunum 2005 til 2014 og eiga lögheimili hjá umsækjanda.
- c. Barn umsækjanda skal eiga lögheimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Til þess að hægt sé að ljúka greiðslu vegna styrks samkvæmt reglum þessum skal framvísa kvittun frá aðildarfélagi Frístundakorts Reykjavíkurborgar fyrir ~~1. maí~~ 15. ágúst 2021. Í kvittun skal koma fram nafn og kennitala viðkomandi barns, hvaða íþróttá- og tómstundastarf er um að ræða, dagsetning og upphæð.

III. kafli

Málsmeðferð og gildistaka

5. gr.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og málsmeðferðarreglur í V. kafla reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, eftir því sem við á.

6. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast áfrýjunarnefnd velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

8. gr.

Heimild áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Áfrýjunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

9. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í VI. kafla laga um félagsþjónustu, nr. 40/1991, og byggjast á leiðbeiningum sem gefnar voru út af félagsmálaráðuneytinu til að samræma úthlutun sérstakra íþrótta- og tómsundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og gilda til ~~10. júní~~ 31. ágúst 2021.

Leiðbeiningar

fyrir sveitarfélög um sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum 2020-2021

Í fjáráukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnað stundað íþróttir og aðrar tómstundir.

Leiðbeiningar þessar eru gefnar út af félagsmálaráðuneytinu til að samræma úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum. Styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Félagsmálaráðuneytið gaf fyrst úr leiðbeiningarnar, dags. 10. september 2020, og þær voru uppfærðar 13. apríl 2021. Með þessum leiðbeiningum er umsóknarfrestur lengdur og einstaklingum gert kleift að sækja um styrk vegna kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf sumarið 2021.

Sveitarfélög setja sérstakar reglur um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

1. gr.

Fyrir 31. júlí 2021 skulu sveitarfélög greiða íþrótt- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 á tekjulágum heimilum, þ.e. sem eru með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Styrk skal greiða vegna kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021 og sumarið 2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

2. gr.

Íþrótt- og tómstundastyrk skal greiða samkvæmt umsókn til sveitarfélags. Umsókn skal berast fyrir 31. júlí 2021 og miða skal við að íþrótt- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021 eða sumarið 2021.

Áður en umsækjandi sækir um styrkinn hjá sveitarfélagi kannar hann rétt sinn hjá Ísland.is. Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli tekjuviðmið skv. 1. gr. regnanna, ásamt leiðbeiningum um næstu skref. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða aðgengileg sveitarfélögum á þar til gerðri vefsíðu (bakendakerfi) með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þegar sjálfvirk niðurstaða liggur fyrir sækir umsækjandi um styrkinn hjá sveitarfélagi. Sveitarfélag tekur ákvörðun um úthlutun styrks á grundvelli umsóknar að fengnum gögnum um kostnað umsækjanda við íþrótt- og tómstundastarf barnsins á árinu 2020-2021.

3. gr.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kærueimild, fer samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.